

**Landnám lax í Flókadalsá.
Rannsóknir 1997.**

Sigurður Már Einarsson

Nóvember 1997 VMST-V/97010X

**Unnið fyrir landeigendur ofan
Lambafoss í Flókadalsá**

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur	1
2. Aðferðir	1
3. Niðurstöður og umræður	2
4. Heimildaskrá	4

1. Inngangur.

Allt fram til ársins 1988 var Flókadalsá talin fiskgeng að Stekkjarfossi í Hrisagljúfrum, en þá er talið að fossinn hafi fyrst orðið fær laxi í kjölfar fiskvegagerðar. Árið 1989 er sprengdur fiskvegur í Lambafossi sem er um 1.5 km ofan við Stekkjarfoss og var sú framkvæmd gerð að frumkvæði landeigenda ofan Lambafoss. Fyrstu árin var ekki vitað til þess að lax gengi fossinn og fiskvegurinn talinn ófær laxi (Sigurður Már Einarsson 1992). Í kjölfar þess var rennsli minnkað í farveg fiskvegarins í Lambafossi, en talið var að of mikið rennsli færi um fiskveginn þannig að straumþungi um hann myndi tálma fiskför. Þessi aðgerð virtist skila árangri því haustið 1995 veiddust nokkrir laxar í ádrætti fyrir ofan Lambafoss (Sigurður Már Einarsson 1995). Árin 1996 og 1997 veiddust einnig nokkrir laxar á stöng ofan við fossinn.

Svæðið fyrir ofan Lambafoss er talið hafa góð skilyrði til uppeldis á laxaseiðum (Þórir Dan Jónsson 1992, Sigurður Már Einarsson 1995). Svæðið hefur verið nokkuð nýtt af veiðifélagi Flókadalsár bæði með flutningi á lifandi laxi upp fyrir Lambafoss en einnig með sleppingum á sumaröldum laxaseiðum. Árin 1996 og 1997 hafa engar sleppingar farið fram og lifandi lax hefur ekki verið fluttur fram fyrir fossinn.

Í októbermánuði 1997 fór fram stutt athugun ofan Lambafoss að beiðni landeigenda ofan Lambafoss. Markmið hennar var að kanna hvort hrygning hefði tekist hjá laxi á þessu svæði.

2. Aðferðir.

Veitt var með rafveiðitækjum á tveim stöðum ofan Lambafoss. Neðri staðurinn var um 300 m ofan við fossin og sá efri um 500 m ofan við fossinn. Á hverjum stað var veitt flatarmál sem var á bilinu 300 – 350 m². Öll seiði sem veiddust voru greind til tegundar og lengdarmæld. Af hluta aflans voru tekin sýni af kvörnum og hreistri til aldursákvarðana.

3. Niðurstöður og umræður.

Á veiðistöðum fundust bæði lax og urriði (tafla 1) og reyndist lax í meirihluta á báðum veiðistöðum. Laxaseiðin sem veiddust voru af tveimur árgöngum. Annars vegar seiði á fyrsta ári sem voru upprunin úr náttúrulegi klaki frá hrygningu haustið 1996, en ekki varð vart við eldri náttúruleg seiði. Ennfremur fannst vottur af sleppiseiðum frá 1995, en það ár var síðast sleppt í ána á þessu svæði. Magn náttúrlegra seiða var hins vegar lítið og ljóst að núverandi seiðamagn nýtir hvergi nærri framleiðslugetu þessa svæðis. Sökum takmarkaðs tíma var ekki unnt að skoða ána ofar.

Tafla 1. Þéttleiki laxfiskaseiða (Fj. í einni umferð á 100 m²) á veiðistöðum ofan við Lambafoss í Flókadalsá 14.10.1997. (* Sleppiseiði)

Veiðistaður	Svæði m ²	Þéttleiki á 100 m ²					
		Lax					Urriði
		0+	1+	2+	3+	Alls	Alls
300 m ofan Lambafoss (1)	350	1,1		0,6*		1,7	0,6
500 m ofan Lambafoss (2)	300	0,7		0,3		1,0	0,0
Meðaltal		0,9		0,45		1,35	0,3

Af niðurstöðum má draga þá ályktun að lax er að hefja landnám á svæðinu ofan við Lambafoss. Enn sem komið er virðist þó seiðaframleiðsla vera lítil og hrygning ekki nægileg til að nýta afkastagetu þessa svæðis. Á þetta mun reyna enn frekar á næstu árum er fleiri árgangar bætast við framleiðsluna. Þær athuganir sem gerðar voru þó takmarkaðar og hefði verið nauðsynlegt að athuga ánar mun víðar til að fá fyllri mynd af svæðinu. Eftirfarandi tillögur eru hér gerðar í framhaldi af þessum niðurstöðum.

1. Mælt er með því að að farvegur fiskvegjar í Lambafossi verði lagfærður. Talið er að fossinn sé enn verulegur farartálmi fyrir lax, sem virðist einkum ganga upp á svæðið seint á haustin, sennilega í tengslum við minnkandi vatn. Mælt er með því að fleygaðar verði holur í fiskveginn á 2 - 3 stöðum og þannig útbúnir hvíldarstaðir í fiskveginn þannig að fiskurinn eigi auðveldara um vik upp á efra

svæðið í ánni. Best væri þó að fiskvegurinn yrði með steypum þrepum, þ.e. varanleg framkvæmd.

2. Mælt er með því að stangveiðar verði stundaðar skipulega ofan við Lambafoss en takmarkaðar veiðar hafa verið gerðar í tilraunaskyni. Markmið þess er að vitneskja fáið um göngutíma og hugmynd um magn sem fer upp á svæðið. Þar sem of lítil hrygning er nú á svæðinu er lagt til að eingöngu fluguveiðar verði eingöngu leyfðar og að veiða-sleppa fyrirkomulag verði notað, þ.e. öllum veiddum laxi verði sleppt aftur. Þetta fyrirkomulag yrði síðan endurskoðað m.t.t. reynslunnar sem fengist.
3. Nauðsyn er á að svæðið ofan við Lambafoss verði ítarlega kortlagt m.t.t. uppeldis- og hrygningarskilyrða. Slík athugun er afar mikilvæg, því á þann hátt mætti gera sér góða grein fyrir framleiðslugetu þessa svæðis og hverju það gæti skilað í laxgengd. Slík athugun er þannig undirstaða arðsemisútreikninga t.d. varðandi nauðsynlegra framkvæmda vegna lagfæringa á fiskvegi, vegagerð o.s.frv. Slík athugun tæki 1 – 2 daga í útvinnu fyrir sérfræðing og 2 – 3 daga við úrvinnslu gagna.
4. Árlega fari fram seiðaathuganir á þessu svæði til að kanna hrygningu og uppeldi hverju sinni.
5. Til að hraða landnámi laxins er talið að heppilegt að sleppingar á sumaröldum laxaseiðum hefjist á ný. Hægt er að athuga náttúrulega hrygningu hverju sinni með rafveiðum og aðskilja frá sleppifiski. Þó væri heppilegast að sleppiseiði yrðu merkt með örmerkjun eða uggaklippingum. Á þann hátt kæmi einnig fram hvert mikilvægi þessa sleppisvæðis er fyrir laxgengd á svæðið í heild sinni.

4. Heimildaskrá.

Sigurður Már Einarsson 1992. Athugun á fiskvegi í Lambafossi í Flókadalsá.
Veiðimálastofnun. Skýrsla. VMST-V/92007X.

Sigurður Már Einarsson 1995. Landnám lax ofan Lambafoss í Flókadalsá.
Veiðimálastofnun. Skýrsla. VMST-V/95009X. 5 bls.

Þórir Dan Jónsson 1982. Fiskifræðilegar athuganir í Flóku 1981 og 1982.
Veiðimálastofnun. Vesturlandsdeild. Skýrsla. 4 bls.